

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 17. nóvember 2023

Mál nr. E-1088/2023:

**Annika Mathe**

(*Arnar Heimir Lárusson lögmaður*)

**gegn**

**íslenska ríkinu**

(*Soffía Jónsdóttir lögmaður*)

## Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 2. nóvember 2023, höfðaði Annika Mathe, [...], [...], [...], með stefnu, birtri 10. febrúar 2023, á hendur íslenska ríkinu, Arnarhvoli við Lindargötu, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta.
- Stefnandi krefst þess aðallega að stefndi greiði henni 1.923.753 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. september 2022 til greiðsludags, eða til vara lægri fjárhæð að álitum dómsins. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu.
- Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmd til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins. Til vara er krafist verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði felldur niður.

## Helstu málsatvik

- Stefnandi, sem er þýskur ríkisborgari, innritaði sig í nám í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands veturinn 2021–2022. Um var að ræða svokallað Erasmus+ skiptinám, sem byggði á samningi Háskóla Íslands við Christian-Albrechts háskólann í Kiel í Þýskalandi, þar sem stefnandi var í námi. Mun stefnandi hafa komið hingað til lands með flugi 12. ágúst 2021 og skráð lögheimili sitt hér á landi frá 13. sama mánaðar, en námi hennar hér var ætlað að standa frá ágúst 2021 til júní 2022.
- Stefnandi flutti bifreið sína hingað til lands með ferjunni Norrænu, tók við henni við komu ferjunnar til landsins 31. ágúst 2021 og ók henni til Reykjavíkur. Áður en

bifreiðin kom til landsins fyllti stefnandi út eyðublað TS-E9, yfirlýsingu um tímabundinn innflutning ökutækis, og afhenti tollyfirvöldum. Samkvæmt þeirri yfirlýsingu áformaði stefnandi að dvelja hér á landi frá 12. ágúst 2021 til 15. júní 2022. Hinn 7. september 2021 var stefnandi stöðvuð á bifreið sinni af fulltrúum tollyfirvalda og henni tjáð að ekki hefðu verið greidd lögboðin aðflutningsgjöld af bifreiðinni. Var henni sömuleiðis tjáð að hún yrði að hafa samband við tollyfirvöld vegna þess.

- 6 Stefndandi hafði samband við tollyfirvöld 12. september 2021 með því að senda tölvupóst og útskýra afstöðu sína. Henni var svarað 14. sama mánaðar og tjáð að heimild til aksturs bifreiðar á erlendum númerum hér á landi félli niður við skráningu lögheimilis á Íslandi. Frekari tölvupóstsamskipti áttu sér stað á milli stefnanda og tollyfirvalda í kjölfar þessa, en með tölvupósti til stefnanda 15. september 2021 var henni tjáð að hún gæti annað tveggja greitt aðflutningsgjöld af bifreið sinni og fengið íslensk númer eða flutt hana aftur til Þýskalands.
- 7 Stefndandi leitaði til lögmanns sem sendi tollyfirvöldum erindi 19. október 2021 þar sem afstöðu stefnanda var lýst og þess krafist að staðfest yrði að henni bæri ekki að greiða aðflutningsgjöld af bifreið sinni og að henni væri heimilt að nota bifreiðina. Byggði þessi afstaða stefnanda á því að hún hygðist dvelja hér á landi skemur en eitt ár og því væri um tímabundinn innflutning bifreiðarinnar að ræða. Bifreiðin yrði flutt út aftur við lok dvalar stefnanda á Íslandi.
- 8 Erindi lögmanns stefnanda var svarað með tölvupósti starfsmanns tollyfirvalda 29. október 2021. Var stefnanda með þeim pósti tilkynnt um þá ákvörðun tollyfirvalda að hafna beiðni hennar um undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda vegna tímabundins innflutnings á ökutæki með erlend skráningarnúmer, þar sem skilyrði laga væru ekki uppfyllt. Var meðal annars til þess vísað að stefnandi hefði skráð lögheimili sitt hér á landi 13. ágúst 2021 og gæti þar af leiðandi ekki talist vera með fasta búsetu erlendis í skilningi laga, sbr. 2. gr. laga nr. 80/2018 um lögheimili og aðsetur.
- 9 Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 5. nóvember 2021, kærði stefnandi framangreinda ákvörðun til úrskurðar tollgæslustjóra samkvæmt 1. mgr. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum. Tollgæslustjóri staðfesti áður nefnda ákvörðun

um að hafna kröfu stefnanda um undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreið hennar með úrskurði sínum, dags. 13. desember 2021.

- 10 Stefnandi kærði úrskurð tollgæslustjóra til yfirskattanefndar með kæru, dags. 24. janúar 2022. Kvað yfirskattanefnd upp úrskurð sinn 25. maí 2022, þar sem hinn kærði úrskurður tollgæslustjóra frá 13. desember 2021 var felldur úr gildi. Féllst yfirskattanefnd ekki á þann skilning tollgæslustjóra að lögheimilisskráning stefnanda jafngilti því að hún hefði tekið ákvörðun um að taka upp varanlega búsetu hér á landi. Þá lægi ekkert annað fyrir um það að stefnandi hygðist taka upp varanlega búsetu á Íslandi. Yfirskattanefnd féllst jafnframt á kröfu stefnanda um að málskostnaður hennar vegna vinnu við meðferð málsins fyrir nefndinni yrði greiddur úr ríkissjóði, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 30/1992 um yfirskattanefnd, með síðari breytingum. Var stefnanda því úrskurðaður málskostnaður sem þótti hæfilega ákvarðaður 165.000 krónur.
- 11 Stefnandi sendi ríkislögmanni kröfubréf, dags. 25. ágúst 2022, og krafðist skaða- og miskabóta að fjárhæð 1.706.611 krónur vegna tjóns sem hún hefði orðið fyrir vegna ólögmatra ákvarðana tollyfirvalda. Kröfunni var hafnað með bréfi ríkislögmanns, dags. 23. nóvember 2022. Var talið að hvorki væri sannað að saknæm háttsemi hefði átt sér stað né að háttsemi starfsmanna stefnda hefði leitt til tjóns fyrir stefnanda.

### **Helstu málsástæður stefnanda**

- 12 Stefnandi byggir á því að henni hafi verið gert það ókleift að nota bifreið sína frá því að för hennar hafi verið stöðvuð 7. september 2021 og þar til úrskurður yfirskattanefndar hafi legið fyrir, 25. maí 2022, vegna þeirrar afstöðu tollyfirvalda að henni bæri að greiða aðflutningsgjöld af bifreiðinni. Stefnandi hafi engu að síður þurft að ferðast um landið í tengslum við nám sitt og leigt sér bílaleigubíl til þess.
- 13 Bótakrafa stefnanda byggir á reglu skaðabótaréttarins um vinnuveitandabyrgð, en stefnandi telur að stefndi beri ábyrgð á háttsemi þeirra opinberu starfsmanna sem komu að málinu. Varðandi ætlað ólögmati vísar stefnandi til úrskurður yfirskattanefndar, sem hafi komist að þeirri niðurstöðu að ákvarðanir tollyfirvalda í málinu hafi verið ólögmatar. Þá telur stefnandi háttsemina hafa verið saknæma og að hún hafi sannarlega valdið stefnanda tjóni. Gerir stefnandi kröfu um skaðabætur, annars vegar fyrir fjárhagslegt tjón og hins vegar fyrir ófjárhagslegt tjón (ólögmeta meingerð).

- 14 Stefnandi byggir á því að þeim opinberu starfsmönnum sem að málinu komu, frá því það kom upp og allt fram að úrskurði tollgæslustjóra í desember 2021, hafi mátt vera ljóst að stefnandi hefði fullan rétt á að hafa bifreið sína hér á landi og hafa af henni afnot, án þess að greiða aðflutningsgjöld af henni. Upphaf málsins virðist hafa mátt rekja til misskilnings eða vanþekkingar, sem yfirvöld hafi þráast við að leiðrétta þótt þeim hafi ítrekað verið bent á hvað væri rétt í málinu. Allt málið hafi verið byggt á rangri og óljósri túlkun opinberra starfsmanna á þeim reglum sem gilda um tollafgreiðslu bifreiða.
- 15 Stefnandi vísar til þess að henni hafi verið skylt að flytja lögheimili sitt til Íslands, sbr. 14. gr. laga nr. 80/2018. Þar sem stefnandi hafi ætlað að vera við nám í tvær annir, þ.e. allan veturinn og meira en sex mánuði, hafi henni verið skylt að skrá lögheimili sitt hér á landi. Hún hafi hins vegar engin áform haft um að hafa hér fasta búsetu, heldur aðeins um að dvelja hér tímabundið, í samræmi við námssamning sinn. Telur stefnandi að starfsmenn tollgæslunnar hafi haft fullt tilefni til að átta sig á því að skráning lögheimilis hér á landi fæli ekki í sér nokkra staðfestingu, hvað þá yfirlýsingu, um að einstaklingur hefði eða ætlaði sér að hafa hér fasta búsetu, enda kæmi slíkt hvergi fram í lögum.
- 16 Starfsmenn tollyfirvalda hafi eigi að síður ákveðið að stefnandi hefði fasta búsetu á Íslandi og nyti því ekki undanþáguheimildar 7. gr. tollalaga. Afstaða tollgæslufirvalda hafi verið ólögæt og verði að líta svo á að hafi ekki beinlínis verið um að ræða beinan ásetning tollyfirvalda að neita stefnanda um notkun heimildarinnar hafi afstaðan byggst á stórkostlegu gáleysi um hvort hún væri réttmæt. Háttsemin hafi því verið ólögæt og saknæm og sé því bótaskyld.
- 17 Stefnandi byggir á því að ákvarðanir stefnda um að stefnandi skyldi greiða aðflutningsgjöld af bifreiðinni hafi falið í sér brot á lögætisreglu stjórnisýsluréttarins. Ákvörðun tollyfirvalda hafi verið verulega íþyngjandi fyrir stefnanda og yfirvöld hafi aldrei vísað til réttarheimildar eða fordæma til stuðnings niðurstöðu sinni. Ekki verði séð að afstaða yfirvalda hafi byggst á réttarheimild, heldur hafi verið um skoðanir tollvarða að ræða, sem virðist auk þess ekki hafa haft nokkra hugmynd um málið.
- 18 Þeir tollgæslustarfsmenn sem stöðvuðu stefnanda í umferðinni í september 2021 hafi til dæmis ekki með nokkru móti vitað hverjar væru fyrirætlanir stefnanda varðandi búsetu hér eða hvort hún hefði hér skráð lögheimili, enda hafi ekki verið spurt um

slíkt og málið ekkert rannsakað. Þeir hafi því ekki getað verið í góðri trú um réttmæti athafna sinna. Virðist hafa verið reynt að finna réttlætingu fyrir aðgerðunum eftir á. Verði að meta þetta stefnda til sakar, sbr. sakarregluna.

19 Stefnandi gerir kröfu um að stefndi verði dæmdur til að greiða henni skaðabætur vegna útlagðs kostnaðar við bílaleigubifreiðar, 106.211 krónur, en stefnandi hafi vegna náms þurft að ferðast um landið eins og hún hafi ætlað sér og meðal annars verið tilgangurinn með innflutningi bifreiðarinnar. Þá gerir stefnandi kröfu um að stefndi verði dæmdur til að greiða henni skaðabætur vegna flutnings- og ferðakostnaðar, samtals 467.542 krónur. Kveðst stefnandi hafa greitt 1.482,5 evrur fyrir flutning á bifreiðinni til Íslands, eða jafngildi 217.542 kóna miðað við gengi á útgáfudegi undirliggjandi reikninga. Til viðbótar við þá fjárhæð krefst stefnandi 250.000 króna vegna aksturs bifreiðarinnar, annars vegar frá heimili hennar í Þýskalandi til Hirtshals í Danmörku og hins vegar frá Seyðisfirði til Reykjavíkur og til baka. Akstursleiðin milli Hirtshals og heimilis stefnanda sé um 450 km hvora leið og leiðin milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur um 660 km hvora leið. Telur stefnandi þannig að bifreiðinni hafi verið ekið um 2.200 km án þess að hægt væri að nota hana hér á landi. Til viðmiðunar notar stefnandi akstursgjald 2022 samkvæmt ferðakostnaðarnefnd, 134 krónur á hvern ekinn kílómetra.

20 Stefnandi gerir jafnframt kröfu um 900.000 krónur í miskabætur. Byggir sú krafa á því að tollyfirvöld hafi skemmt að verulegum hluta upplifun stefnanda af dvöl hennar hér á landi og gagnsemin náms hennar. Hún hafði ætlað sér að fara víða um landið, rannsaka jarðfræði og njóta náttúru. Áform sem hún hafi haft og skipulagt hafi að verulegu leyti orðið að engu vegna málsins. Þá hafi það valdið henni töluverðum miska að vera stöðvuð af einkennisklæddum tollvörðum á embættisbifreið og að vera ranglega sökuð um brot á tollalögum. Stefnandi gerir sömuleiðis kröfu um 450.000 krónur vegna lögmannskostnaðar, sem hún segir að sé útlagður kostnaður stefnanda við málið allt, að frádregnum kostnaði sem yfirskattanefnd hafi úrskurðað vegna reksturs málsins fyrir nefndinni. Samtals kveður stefnandi því bótakröfu sína nema 1.923.753 kónum.

### **Helstu málsástæður stefnda**

21 Stefndi byggir mál sitt á því að miski fái ekki bættur nema til þess sé sérstök lagaheimild. Þar sem miskabótakrafa stefnanda styðjist ekki við lagaheimild beri þegar

af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af þeirri kröfu, verði henni ekki vísað frá dómi án kröfu. Þá er á því byggt að niðurstaða yfirskattanefndar í máli stefnanda leiði ekki sjálfkrafa til bótaskyldu stefnda. Til þess þurfi nauðsynleg bótaskilyrði að vera fyrir hendi, þ. á m. saknæmi. Sök sé ófrávíkjanlegt skilyrði bótaskyldu samkvæmt reglunni um vinnuveitandaábyrgð, en starfsmenn stefnda hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi.

- 22 Í úrskurði tollgæslustjóra frá 13. desember 2021 hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að hafna bæri kröfu stefnanda um að fá aðflutningsgjöld af bifreið hennar felld niður sökum þess að hún hefði skráð lögheimili sitt hér á landi áður en hún flutti bifreiðina til landsins. Sú niðurstaða hafi verið rökstudd, meðal annars með tilvísun til laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Það sé því ekki rétt, sem tilgreint sé í stefnu, að tollyfirvöld hafi aldrei vísað til réttarheimildar til stuðnings ákvörðun sinni. Yfirskattanefnd hafi hins vegar ekki fallist á framangreinda lagatúlkun tollyfirvalda og því fellt úrskurð tollgæslustjóra úr gildi.
- 23 Stefndi telur að til bótaábyrgðar hans geti aðeins komið ef stefnanda takist sönnun þess að starfsmenn tollgæslustjóra hafi sýnt af sér saknæma og ólögmeta háttsemi í störfum sínum og þannig valdið stefnanda tjóni. Stefndi telur að rökstudd túlkun á laga- og stjórnvaldsfyrirmælum geti ekki falið í sér saknæma háttsemi, þótt síðar komi í ljós að túlkunin sé röng. Hér skorti því á saknæmi, sem sé forsenda bóta samkvæmt þeirri bótareglu sem stefnandi styðji bótakröfu sína við. Því beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.
- 24 Stefndi mótmælir því sérstaklega, sem órökstuddu og ósönnuðu, að stefnandi hafi þurft að leigja bílaleigubifreiðar í tengslum við nám sitt við Háskóla Íslands. Ekki hafi verið gerð krafa um það í samningi um námsvist eða staðfestingu skólans, sem frammi liggja í málinu, að stefnandi hafi þurft að hafa umráð bifreiðar til að geta lagt stund á námið. Stefndi beri sönnunarbyrði fyrir öndverðri fullyrðingu sinni. Hið sama gildi um umkrafinn flutnings- og ferðakostnað.
- 25 Stefndi mótmælir einnig kröfu um greiðslu lögmannskostnaðar, að fjárhæð 450.000 krónur, sem órökstuddri og ósannaðri. Í úrskurði yfirskattanefndar hafi verið fallist á greiðslu málskostnaðar til handa stefnanda með vísan til 2. mgr. 8. gr. laga nr. 30/1992 um yfirskattanefnd og hann hæfilega ákvarðaður 165.000 krónur. Í rökstuðningi hafi komið fram að rúmlega helmingur þess kostnaðar, sem kynntur hafi

verið fyrir yfirskattanefnd, hafi fallið til vegna meðferðar málsins á lægra stjórnslustigi. Úrskurður yfirskattanefndar sé fullnaðarúrskurður á stjórnslustigi, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 30/1992. Honum hafi ekki verið hnekkkt með dómi. Málskostnaðarákvörðun yfirskattanefndar bindi því stefnanda.

- 26 Stefnandi bendir einnig á að það sé meginregla íslensks réttar að borgararnir verði sjálfir að bera þann kostnað sem þeir hafi af erindum sínum til stjórnvalda og mála- rekstri fyrir þeim. Þurfi sérstaka lagaheimild til að unnt sé að krefjast greiðslu slíks kostnaðar úr hendi stjórnvalda. Stefnandi hafi fengið greiddan málskostnað á grund- velli slíkrar lagaheimildar og eigi því samkvæmt fyrrgreindri meginreglu ekki rétt til greiðslu annars kostnaðar sem til hafi fallið á stjórnslustigi. Því beri að sýkna stefnda af þessum kröfulið.
- 27 Stefnandi byggir enn fremur á því að það skorti á að bótaskilyrði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sé fullnægt. Samkvæmt ákvæðinu sé heimilt að láta þann, sem ábyrgð beri á ólögmati meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns, greiða miskabætur til þess sem misgert sé við. Í athugasemdum með frum- varpi sem varð að skaðabótalögum segi að í skilyrðinu um ólögmeta meingerð felist áskilnaður um að um saknæma hegðun hafi verið að ræða. Af dómafordæmum verði ráðið að lægsta stig gáleysis uppfylli ekki bótaskilyrði ákvæðisins að þessu leyti. Fjárhæð miskabótakröfu er mótmælt sérstaklega sem órökstuddri og ósannaðri.
- 28 Verði ekki fallist á sýknukröfu er byggt á því til vara að lækka beri kröfur stefnanda til muna.

### **Niðurstaða**

- 29 Stefnandi krefst í máli þessu skaðabóta vegna fjárhagslegs og ófjárhagslegs tjóns (miska), sem hún kveðst hafa orðið fyrir vegna saknæmrar og ólögmatrar háttsemi starfsmanna stefnda, nánar tiltekið starfsmanna tollyfirvalda. Er bótakrafa stefnanda sem fyrr segir byggð á reglu skaðabótaréttarins um vinnuveitandabyrgð. Deila aðilar málsins meðal annars um það hvort starfsmenn tollyfirvalda hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með ákvörðunum sínum og hvort stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna þeirrar háttsemi, en það er forsenda fyrir því að bætur verði dæmdar samkvæmt framangreindri reglu.

- 30 Byggja kröfur stefnanda meðal annars á því að henni hafi verið gert ókleift að nota bifreið sína hér á landi frá 7. september 2021 til 25. maí 2022, vegna þeirrar afstöðu tollyfirvalda að henni bæri að greiða aðflutningsgjöld af bifreiðinni eftir flutning hennar hingað til lands. Það hafi leitt til kostnaðar fyrir hana, sem ekki hefði komið til hefði henni verið heimilað að nota bifreið sína á umræddu tímabili. Þá hafi kostnaður sem stefnandi hafi orðið fyrir, vegna flutnings bifreiðarinnar hingað til lands og aksturs til og frá heimili hennar hér á landi og í Þýskalandi, ekki komið henni að notum, þar sem henni hafi ekki verið leyft að nota bifreið sína hér á landi á umræddu tímabili. Stefnandi kveðst sömuleiðis hafa orðið fyrir tjóni vegna útlagðs kostnaðar vegna lögmannaástoðar á stjórnslustigi málsins, svo og miska vegna afskipta starfsmanna stefnda og áhrifa sem háttsemi starfsmanna stefnda er sögð hafa haft á upplifun stefnanda og nám hér á landi.
- 31 Af málatilbúnaði stefnanda má ráða að hún telji að röng túlkun starfsmanna tollyfirvalda á lögum og reglum, þ.m.t. 4. tölulið 7. gr. tollalaga nr. 88/2005 og 18. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi, hafi falið í sér saknæma og ólögmæta háttsemi af þeirra hálfu. Þessi ranga túlkun sé jafnframt grundvöllur bótaskyldu stefnda samkvæmt reglu skaðabótaréttarins um vinnuveitandaábyrgð. Túlkun tollyfirvalda hafi ekki verið byggð á lögum og því andstæð lögmætisreglu stjórnslu- réttarins. Vísar stefnandi meðal annars til þess að yfirskattanefnd hafi komist að annarri niðurstöðu og fellt úrskurð tollgæslustjóra úr gildi.
- 32 Stefndi hafnar öllum sjónarmiðum stefnanda og aftekur með öllu að um saknæma háttsemi starfsmanna tollyfirvalda hafi verið að ræða. Ekki megi leggja ranga túlkun laga að jöfnu við saknæma háttsemi. Þá sé sömuleiðis ósannað að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna háttsemi starfsmanna stefnda, auk þess sem lagaskilyrðum fyrir greiðslu miskabóta og lögmanskostnaðar á stjórnslustigi sé ekki fullnægt. Vísar stefndi einnig til þess að stefnandi beri sönnunarbyrði um að hún hafi orðið fyrir tjóni vegna saknæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna tollgæslunnar, en henni hafi ekki tekist sú sönnun.
- 33 Með tölvupósti starfsmanns tollgæslunnar 29. október 2021 var stefnanda kynnt sú ákvörðun tollyfirvalda að hafna beiðni hennar um undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda vegna tímabundins innflutnings á ökutæki með erlent skráningarnúmer. Ákvörðun tollyfirvalda var rökstudd með vísan til ákvæða í lögum og reglugerðum sem tollyfirvöld töldu eiga við og auk þess vísað til lögskýringargagna. Byggði

ákvörðunin á þeirri forsendu að stefnandi gæti ekki talist vera með fasta búsetu erlendis þar sem hún hefði skráð lögheimili sitt hér á landi. Var stefnanda jafnframt bent á að ákvörðunin væri kæránleg til tollgæslufyrivalda á grundvelli 117. gr. tollalaga.

- 34 Stefnandi nýtti sér heimild sína til að krefjast úrskurðar tollgæslufyrivalda í málinu. Var úrskurður kveðinn upp 13. desember 2021 og framangreind ákvörðun staðfest. Úrskurðurinn var rökstuddur með vísan til ákvæða í lögum og reglum, sem tollgæslufyrivöld töldu eiga við, en þar sagði meðal annars: *Samkvæmt 2. gr. laga um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018 er lögheimili einstaklings sá staður, þar sem hann hefur fasta búsetu. Innflytjandi umræddrar bifreiðar, Annika Mathe, skráði lögheimili sitt á Íslandi þann 13. ágúst 2021. Frá þeim tímamörkum ber að telja hana búsetta á Íslandi en frá lögheimilisskráningu bar Annika réttindi og skyldur sem aðili búsettur hér á landi. Skilyrði fyrir undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda vegna innflutnings á bifreið stefnanda voru samkvæmt þessu ekki talin vera uppfyllt.*
- 35 Yfirskattanefnd var sem fyrr segir ósammála þessari túlkun tollgæslufyrivalda, sbr. úrskurð nefndarinnar frá 25. maí 2022. Sagði meðal annars í úrskurði yfirskattanefndar, sem einnig var rökstuddur með vísan til viðeigandi ákvæða í lögum og reglum: *Verður ekki talið að skylda samkvæmt lögheimilislögum nr. 80/2018 til að skrá lögheimili sitt á Íslandi, dvelji viðkomandi hér á landi sex mánuði eða lengur, leiði sjálfkrafa til þess að viðkomandi hafi tekið ákvörðun um að taka upp varanlega búsetu hér á landi í skilningi tollalaga heldur er það sjálfstætt úrlausnarefni hverju sinni, sbr. og fyrrnefnt ákvæði 3. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Í málinu liggur ekkert fyrir um að kærandi hyggist taka upp varanlega búsetu á Íslandi og er því mótmælt af hennar hálfu. Að þessu virtu ber að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi.*
- 36 Af framansögðu má ráða að mismunandi niðurstaða, tollyfirvalda annars vegar og yfirskattanefndar hins vegar, varðandi það álitaefni hvort stefnandi skyldi njóta undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda við flutning bifreiðar sinnar hingað til lands, réðist í meginatriðum af ólíkri sýn þessara aðila á það hvaða þýðingu lögheimilisskráning hennar hér á landi hefði við túlkun þeirra laga og reglna sem við áttu. Þótt yfirskattanefnd hafi komist að annarri niðurstöðu en tollyfirvöld hvað þetta tiltekna atriði varðar og túlkað lögin með öðrum hætti en tollyfirvöld höfðu gert getur dómurinn ekki fallist á það með stefnanda, að virtum atvikum málsins, að meðferð

- tollyfirvalda á máli stefnanda, eða niðurstaða í því, geti talist saknæm háttsemi af hálfu tollyfirvalda eða starfsmanna stefnda.
- 37 Ekki er hægt að fallast á það með stefnanda að ekki hafi verið vísað til viðeigandi lagaákvæða við ákvarðanatöku tollyfirvalda í málinu, enda ítarlega fjallað um þær reglur sem talið var að ættu við, bæði í ákvörðun tollyfirvalda sem kynnt var stefnanda með tölvupósti 29. október 2021 og í úrskurði tollgæslustjóra 13. desember sama ár. Verður að sama skapi ekki á það fallist að um hafi verið að ræða brot gegn lögmætisreglu stjórnsluréttarins, eins og stefnandi heldur fram, jafnvel þótt niðurstaða yfirskattanefndar hafi orðið önnur en tollyfirvalda. Á sama hátt er ekki hægt að fallast á það, með hliðsjón af atvikum málsins, að kröfur stefnanda eigi rétt á sér á grundvelli sjónarmiða um reglufest saknæmi.
- 38 Með vísan til alls þess sem rakið hefur verið hér að framan er það niðurstaða dómsins að það grundvallarskilyrði skaðabótaábyrgðar stefnda samkvæmt reglunni um vinnuveitandaábyrgð, að tjóni hafi verið valdið með saknæmri háttsemi, sé ekki uppfyllt eins og hér stendur á. Ber þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfum stefnanda í málinu og sýkna stefnda, en stefnandi ber sönnunarbyrði um að hún hafi orðið fyrir tjóni vegna saknæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna stefnda. Þá sönnunarbyrði hefur hún ekki axlað, að mati dómsins.
- 39 Í ljósi þeirrar niðurstöðu dómsins að sök sé ósönnuð í málinu er óþarft að fjalla sérstaklega um einstaka bótaliði stefnanda, en dómurinn getur ekki fallist á rök stefnanda fyrir því að tjón hennar sé sannað, hvorki fjárhagslegt tjón né ófjárhagslegt tjón (miski), eða að hún skuli fá dæmdar bætur vegna þeirra liða sem tilgreindir eru í stefnu og sem raktir eru hér að framan, óháð því hvort sök sé sönnuð í málinu eða ekki.
- 40 Með hliðsjón af úrslitum málsins og atvikum öllum, svo og með hliðsjón af 1. og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þykir rétt að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af máli þessu. Málskostnaður falli samkvæmt því niður á milli aðila.
- 41 Af hálfu stefnanda flutti málið Arnar Heimir Lárusson lögmaður.
- 42 Af hálfu stefnda flutti málið Soffía Jónsdóttir lögmaður.
- 43 Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**Dómsorð:**

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, Anniku Mathe, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson